

65 **Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups, um að**
 2. maí **Garpsdalssókn, sem nú tilheyrir Staðarhólsþingum, falli til**
Reykhólaprestakalls.

Með vísun til bréfs yðar, háæruverðugi herra, dags. 26. f. m., varðandi framkvæmd ákvæðis 1. gr. XII. 65. tölulið og XIII. 67. tölulið laga nr. 31 1952, um skipun prestakalla, varðandi breytingar á skiptingu sókna milli prestakalla, þannig að Garpsdalssókn, sem nú tilheyrir Staðarhólsþingum í Dölum, falli til Reykhólaprestakalls í Barðastrandarprófastsdæmi, staðfestir ráðuneytið hér með, að það fellst á, að framangreindar breytingar komi nú þegar til framkvæmda.

66
 2. maí

AUGLÝSING
um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt ályktun bæjarstjórnar Reykjavíkur hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. **Einstefnuakstur um Þingholtsstræti frá Hellusundi að Spítalastíg og frá Bókhlöðustíg að Bankastræti í norðurátt.**
2. **Bifreiðastöður bannaðar:**
 - a. **Í Ingólfsstræti milli Spítalastígs og Amtmannsstígs austan megin götunnar, en leyfðar vestan megin, þó ekki í 20 m fjarlægð frá næstu húsalínum Spítalastígs og Amtmannsstígs.**
 - b. **Á Amtmannsstíg (utan bifreiðastæða).**
 - c. **Í Þingholtsstræti frá Bókhlöðustíg að Spítalastíg.**

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 2. maí 1960.

Sigurjón Sigurðsson.

67
 6. maí

SAMÞYKKT
um forkaups- og forleigurétt á lóðum og fasteignum á Flateyri.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 frá 23. júní 1932 um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl., hefur hreppsnefnd Flateyrarhrepps samþykkt á fundi sínum 15. apríl 1960 að áskilja Flateyrarhreppi forkaups- og forleigurétt á eftirtöldum lóðum og fasteignum á verzlunarlóð kauptúnsins:

1. Allar lóðir og fasteignir Kaupfélags Önfirðinga austan Hafnarstrætis og framlengingu þess til sjávar úr Oddatá.
2. Allar lóðir og fasteignir Ísfells h.f., austan Hafnarstrætis.
3. Allar lóðir og fasteignir sildarverksmiðju ríkisins á Sólbakka.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að 67 telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. 6. maí

Félagsmálaráðuneytið, 6. maí 1960.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

um niðurfærslu aðflutningsgjalda.

68

6. maí

Með heimild í athugasemdarákvæðum við nr. 11 í 39A kafla tollskrár og með hliðsjón af sams konar heimild í upphafi XV. flokks tollskrárinnar hefur ráðuneytið fært niður aðflutningsgjöld af eftirgreindum vörum þannig, að gjöldin af vörunum verði eins og að neðan greinir og að þær flokkist eins og þar segir:

Tollskrá :		Vöru-		Verð-
Kafli. Nr.		eining	magns-	tollur
			Aurar	%
39A	11 f Sólar, hælur, húfuskyggni, húfugjarðir úr plasti			8
	g Plastbotnar í málningarrúllur	1 kg	7	15
63	97 b Stállóð (sökku), svo og nótastál			2

Ofangreind aðflutningsgjöld skulu innheimt með viðaukum samkvæmt lögum, sbr. 5. gr. laga nr. 68/1959, um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga. Sólar, hælur, húfuskyggni, húfugjarðir og svitagjarðir úr plasti, svo og plastbotnar í málningarrúllur er undanþegið innflutningsgjaldi. Stállóð (sökku), svo og nótastál, er undanþegið innflutningssöluskatti.

Fjármálaráðuneytið, 6. maí 1960.

Gunnar Thoroddsen.

Sigtr. Klemenzson.

REGLUGERÐ

um úthlutun húsnæðismálastjórnar á íbúðarlánnum.

69

11. maí

1. gr.

Á vegum húsnæðismálastjórnar er til útlána eða framkvæmda það fé, sem hér greinir:

- Fé Byggingarsjóðs ríkisins samkvæmt 3. gr. laga nr. 42/1957.
- Fé það, sem safnast fyrir í frjálsum sparnaði samkvæmt 9. gr. og skyldu-sparnaði samkvæmt 10. gr. sömu laga og ekki er lánað út á vegum Búnaðar-banka Íslands, sbr. lög nr. 42/1957.
- Fé það, sem aflast með sölu bankavaxtabréfa samkvæmt 4. gr. sömu laga.